

MÓTTÖKUÁÆTLUN

Móttaka nemenda við upphaf skólagöngu og samstarf við leikskóla

Formlegt samstarf er á milli Hlíðaskóla og leikskóla hverfisins.

Starfshættir og umhverfi skólastiganna eru ólík og því oft mikil breyting fyrir barn að byrja í grunnskóla. Góð samvinna og tengsl skólastiganna veitir því börnunum mikið öryggi á þessum tímamótum. Foreldrar væntanlegra nemenda í fyrsta bekk fá sent boðsbréf að vori þar sem verðandi nemendum er boðið að dvelja í skólanum dagspart. Einnig er þeim boðið á leiksýningu hjá 1. bekk. Skömmu eftir að skóli hefst að hausti er foreldrum nemenda í 1. bekk boðið á skólakynningu í Hlíðaskóla. Flutt eru fræðsluerindi, kennarar í 1. bekk kynna áherslur í námi barnanna og skipulag kennslu og foreldrar fá innsýn í aðra þætti skólastarfsins og kynningu á stoðkerfi skólans.

Ef nemandi hefur nám í skólanum þegar skólastarf er hafið tekur skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri á móti honum og foreldrum hans, kynnir skólastarfið og sýnir þeim húsnæðið. Stefnt er að því að nemandinn hitti umsjónarkennara og námsráðgjafa í þessari fyrstu heimsókn. Nemandinn fær síðan afhenta stundaskrá og umsjónarkennari sér um að nemandi fái í hendur nauðsynleg námsgögn.

Móttaka nemenda úr öðrum skólum

Þegar nemendur koma í skólann úr öðrum skólum eru þeir og foreldrar þeirra boðaðir á kynningarfund í skólann að vori. Á fundinum kynna stjórnendur og námsráðgjafi starfsemi skólans og ganga með gestum um skólahúsnæðið.

Móttaka nemenda á táknmálssviði

Móttaka nemenda með heyrnarskerðingu, kuðungsígræðslu og samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Deildarstjóri táknmálssviðs sér um að boða foreldra/forráðamenn í viðtal og skólaskoðun. Skólastarfið og stuðningsúrræði eru kynnt. Boðað er til upplýsingafundar með foreldrum/forráðamanni og fulltrúum leikskóla, grunnskóla og/eða öðrum fagaðilum eftir því sem við á í samráði við foreldra/forráðamenn. Teymi er stofnað um nemandann og setur það sér starfsáætlun. Einstaklingsáætlun er unnin í samvinnu við foreldra. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði táknmálssviðs

Móttaka nemenda með annað tungumál en íslenskt táknmál/íslensku á táknmálssviði

Móttaka nýbúa á táknmálssviði er samtvinnuð af móttöku "nemenda með annað móðurmál en íslensku" og "nemenda á táknmálssviði". Eftir teymisfund með foreldrum/forráðamönnum þá er sett fram

starfsáætlun sem einstaklingsáætlun byggist af og allt í samráði við foreldra.

Farið er eftir handbók Reykjavíkurborgar og inntökuskilyrði Táknmálssviðs

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Móttaka nýbúa í Hlíðaskóla byggir á handbók Reykjavíkurborgar um móttöku barna með íslensku sem annað tungumál. Þegar tekið er á móti nýbúa eru foreldrar/forráðamaður boðaðir í viðtal ásamt túlki ef þörf krefur. Í viðtalinu fá foreldrar upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna sem Reykjavíkurborg hefur gefið út.

Móttaka nemenda sem þurfa stuðning vegna sérþarfa

Deildarstjóri stoðkennslu sér um að boða foreldra/forráðamenn í viðtal og skólaskoðun. Skólastarfið og stuðningsúrræði eru kynnt og farið yfir aðgengismál. Boðað er til upplýsingafundar með foreldrum/forráðamanni og fulltrúum leikskóla, grunnskóla og/eða öðrum fagaðilum eftir því sem við á í samráði við foreldra/forráðamenn. Teymi er stofnað um nemandann og setur það sér starfsáætlun. Einstaklingsáætlun er unnin í samvinnu við foreldra.

Tilfærsluáætlun nemenda sem njóta sérúrræða

Þegar nemandi sem nýtur sérúrræða í grunnskóla er í 9. bekk er flutningur yfir í framhaldsskóla ræddur á teymisfundi og farið yfir námsmöguleika sem eru í boði. Strax á haustönn í 10. bekk eru framhaldsskólar og þær sérdeildir sem þar eru skoðaðar. Deildarstjóri sérkennslu sér um skipulagningu á heimsóknunum og fer nemandinn ásamt foreldrum/forráðamanni og kennara. Starfsfólk skólans er tilbúið að mæta á upplýsingafund með fulltrúum móttökuskóla óski foreldrar/forráðamenn eftir því. Í skólanum er unnið skilamat að vori sem byggir á einstaklingsnámskrá. Í matinu kemur m.a. fram náms- og félagsleg staða nemandans, sérþarfir og áhersluatriði sem þarf að vinna áfram með.

Tilfærsluáætlun Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er gert ráð fyrir að kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra taki þátt í tilfærsluáætlun er miðlar upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður, stöðu og áform þeirra um frekara nám á milli skólastiga. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi. Við gerð tilfærsluáætlana styðst skólinn við viðmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.